



# Barnatrygging 1

Vátryggingarskilmáli nr. LM10

## Efnisyfirlit

I.	Almennir skilmálar .....	3
II.	Örorkuvernd .....	8
III.	Sjúkdómavernd.....	9
IV.	Líftrygging .....	12
V.	Umönnun vegna sjúkrahúsdvalar .....	12
VI.	Umönnun í kjölfar sjúkrahúsdvalar .....	13
VII.	Áfallahjálþ .....	13
VIII.	Ferðakostnaður vegna aðgerðar erlendis .....	14
IX.	Breytinga- og hjálpartækjakostnaður vegna slyss eða sjúkdóms.....	14
X.	Iðgjaldafrelsi .....	15

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Váttryggingaskilmálar þessir nr. LM10
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

## I. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um alla kafla barnatryggingarinnar.

Efnisyfirlit:

1. Váttryggður og váttryggingartaki
2. Váttryggingin gildir
3. Upphaf og lok ábyrgðar
4. Váttryggingarfjárhæð
5. Upplýsingaskylda við gerð og endurnýjun váttryggingarsamnings
6. Endurnýjun og uppsögn við endurnýjun
7. Uppsögn á váttryggingartímabili
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Skuldajöfnun
11. Tilkynning um váttryggingaratburð
12. Upplýsingaskylda váttryggðs við uppgjör bóta
13. Krafa um bætur
14. Takmarkanir á bótaskyldu
15. Sviksamleg háttsemi
16. Ásetningur
17. Stórkostlegt gáleysi
18. Vextir af bótafjárhæð
19. Fyrning
20. Gjaldmiðill
21. Meðferð ágreiningsmála
22. Frestur til að leita úrræða
23. Varnarþing
24. Þagnarskylda og persónuvernd
25. Löggjöf

### 1. Váttryggingartaki

---

- 1.1 Váttryggingartaki er sá einstaklingur sem gerir samning við félagið um barnatryggingu og getur verið hvort sem er foreldri eða sá sem fer með forsjá váttryggðs.

### 2. Váttryggingin gildir

---

- 2.1 Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 3. Upphaf og lok ábyrgðar

---

- 3.1 Váttrygging tekur gildi frá útgáfu, þó ekki fyrr en barnið hefur náð eins mánaða aldri. Ný barnatrygging er ekki gefin út þegar barn hefur náð 16 ára aldri.
- 3.2 Ábyrgð félagsins hefst þegar félagið hefur móttengið fullbúna umsókn um barnatryggingu, að því tilskyldu að váttryggður standist áhættumat félagsins. Félagið ber ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað á því tímamarki sem umsókn var send ef þessi atvik hefðu komið í ljós við athugun félagsins og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað.
- 3.3 Váttryggingin endurnýjast árlega. Þegar váttryggt barn hefur náð 18 ára aldri endurnýjast váttryggingin ekki og fellur niður.

- 3.4 Bætur eru ekki greiddar nema bótaskyldur atburður eigi sér stað á því tímabili sem váttryggingin er í gildi. Greinist sjúkdómur eftir að váttrygging hefur fallið úr gildi er félagið ekki bótaskyldt þó að leiða megi líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.
- 3.5 Váttryggingin gildir til kl. 24:00 þann dag sem tilgreindur er sem lokadagur í váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun, eða þann dag sem váttryggingu lýkur, ef það er fyrir upphaflega ákveðinn lokadag, nema um annað sé samið.

#### 4. Váttryggingarfjárhæð

---

- 4.1 Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Váttryggingarfjárhæðin hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs.
- 4.3 Lækki vísitala neysliverðs hefur það ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð.
- 4.4 Váttryggingarfjárhæð er föst við töku váttryggingar en mismunandi eftir því hvort um sé að ræða barnatryggingu 1, 2 eða 3.
- 4.5 Ef váttryggingartaki ætlar að skipta yfir í barnatryggingu með hærri grunnváttryggingarfjárhæðir þarf váttryggður að fara aftur í gegnum áhættumat.

#### 5. Upplýsingaskylda við gerð og endurnýjun váttryggingarsamnings

---

##### 5.1 Skaðatryggingar

- 5.1.1 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu, sbr. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Verði váttryggingartaka eða váttryggðum ljóst að hann hefur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna skal hann án ástæðulauss dráttar skýra félaginu frá því.
- 5.1.2 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 5.1.3 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 2. og 3. mgr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

##### 5.2 Persónutryggingar

- 5.2.1 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við gerð váttryggingarsamnings veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir, og hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni, sbr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.
- 5.2.2 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við endurnýjun váttryggingarsamnings, veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt, ef það óskar eftir þeim skriflega, sbr. 3. mgr. 79. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 5.2.3 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 5.2.4 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 2. og 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 6. Endurnýjun og uppsögn við endurnýjun

---

- 6.1 Váttryggingin endurnýjast einu sinni á ári, um eitt ár í senn, nema um annað sé samið. Váttryggingin endurnýjast ekki þar sem skýrlega er tekið fram að váttryggingin falli niður við ákveðið tímamark.
- 6.2 Félagið getur neitað að endurnýja váttryggingu þegar fyrir liggja sérstakar ástæður, sbr. 18. og 79. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Félaginu ber að tilkynna váttryggingartaka það skriflega í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir endurnýjunardag. Ákvæði þetta á þó ekki við um líftryggingu og sjúkdómavernd.
- 6.3 Félagið getur breytt skilmálum váttryggingarinnar við endurnýjun en verður um leið og krafði er um iðgjöld fyrir næsta váttryggingartímabil, að afhenda váttryggingartaka hina nýju skilmála og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri skilmálum. Ákvæði þetta á þó ekki við um líftryggingu og sjúkdómavernd.
- 6.4 Iðgjald getur breyst við endurnýjun og tekur breytingin þá gildi frá endurnýjunardegi.

## 7. Uppsögn á váttryggingartímabili

---

- 7.1 Félagið getur sagt upp váttryggingunni:
  - 7.1.1 Með 14 daga fyrirvara, ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
  - 7.1.2 Fyrirvalaust, ef váttryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 7.2 Félagið getur sagt upp einstökum bóталиðum barnatryggingarinnar að undanskyldum líftryggingu og sjúkdómavernd:
  - 7.2.1 Með viku fyrirvara ef sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til, sbr. 47. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
  - 7.2.2 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar váttryggingaratburðar, ef váttryggður hefur valdið váttryggingaratburði af ásetningi eða vanrækt skyldur samkvæmt varúðarreglum, eða er með þrjú tjón eða fleiri síðastliðna 12 mánuði úr þessari váttryggingu eða öðrum hjá félaginu, sbr. 15. eða 76. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 7.3 Félagið getur án fyrirvara sagt upp öllum váttryggingarsamningum viðkomandi þegar váttryggingartaki eða váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu og ef váttryggður eða annar aðili veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til, sbr. 21. og 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 7.4 Váttryggingartaki getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.

## 8. Greiðsla iðgjalds

---

- 8.1 Fyrsta iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.
- 8.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi eða niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. og 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.3 Falli ábyrgð félagsins niður vegna vanskila eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið minnsta má endurvekja váttrygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til, ef vangoldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin féll niður, sbr. 97. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 9. Endurgreiðsla iðgjalds

---

- 9.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur, endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi, sbr. 17. og 77. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 10. Skuldajöfnun

---

- 10.1 Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn váttryggingarbótum sem því ber að greiða, skv. 49. og 122. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 11. Tilkynning um váttryggingaratburð

---

- 11.1 Váttryggður eða sá sem á rétt til bóta skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um váttryggingaratburð.
- 11.2 Váttryggður eða sá sem á rétt til bóta skv. slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti, sbr. 51. og 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 12. Upplýsingaskylda váttryggðs við uppgjör bóta

---

- 12.1 Við uppgjör bóta skal sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.
- 12.2 Ef sá sem á kröfu á hendur félaginu, veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum

vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur hann þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 13. Krafa um bætur

---

- 13.1 Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta ábyrgð félagsins, sbr. 48. og 121. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 13.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

### 14. Takmarkanir á bótaskyldu

---

#### 14.1 Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

- 14.1.1 Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
- 14.1.2 Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar. Áhættu samkvæmt gr. 14.1.1 og 14.1.2 er hægt að vátryggja sérstaklega.
- 14.1.3 Í loftbelgs-, svífvængja-, dreka-, svíf-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
- 14.1.4 Í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
- 14.1.5 Í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafyrivalda.
- 14.1.6 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 14.1.7 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- 14.1.8 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.
- 14.1.9 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
- 14.1.10 Af völdum kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja.
- 14.1.11 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
- 14.1.12 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

#### 14.2 Félagið greiðir ekki bætur vegna sjúkdóma sem verða:

- 14.2.1 Af völdum einkenna sem komu í ljós áður en vátryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það.
- 14.2.2 Vegna eftirtalinnna sjúkdóma, heilkenna eða ástands, án tillits til hvenær einkenni þeirra koma fyrst fram:
- Hvers konar þroskafrávika og þroskahömlunar, þ.á.m. Downs-heilkenna,
  - ADD, DAMP eða ADHD (ahyglisbrests, misþroska og athyglisbrests með ofvirkni),
  - Einhverfu,
  - Asperger heilkenna,
  - Lesblindu eða annarra námsraskana,
  - OCD (áráttu- og þráhyggju),
  - Tourette heilkenna.
- 14.2.3 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- 14.2.4 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.
- 14.2.5 Af völdum neyslu áfengis eða fíkniefna.
- 14.2.6 Af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar sjúkdóms verða meiri vegna framangreindra atriða.

#### 14.3 Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 14.3.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 14.3.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

- 14.3.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.
- 14.4 Öror kubætur úr örorkuvernd barnatryggingar greiðast ekki ef slys eða sjúkdómur er af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi eða vélknúins ökutækis, sem skráð er erlendis, þar sem lögboðið er að váttryggja vegna slíkra tjóna.

## 15. Svíksamleg háttsemi

---

- 15.1 Sá sem viðhefur svíksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt váttryggingarsamningi. Sé um fleiri váttryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama váttryggingaratburðar, sbr. 20. og 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, svo og 83. og 120. gr. laganna.

## 16. Ásetningur

---

- 16.1 Ef váttryggingaratburður verður rakinn til ásetnings váttryggðs á hann enga kröfu á hendur félaginu um bætur, nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 89. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði þetta á ekki við um líftryggingu.

## 17. Stórkostlegt gáleysi

---

- 17.1 Ef váttryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis váttryggðs losnar félagið úr ábyrgð sinni í heild eða að hluta, nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Í persónutryggingum gildir þetta einnig ef afleiðingar váttryggingaratburðar verða meiri en ella vegna stórkostlegs gáleysis váttryggðs. Þetta ákvæði á ekki við um líftryggingu.
- 17.2 Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

## 18. Vextir af bótafjárhæð

---

- 18.1 Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við ákvæði 50. og 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 19. Fyrning

---

- 19.1 Krafa um váttryggingarfjárhæð í líftryggingu og sjúkdómavernd fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á, fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.
- 19.2 Vegna annarra bóталиða fyrnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

## 20. Gjaldmiðill

---

- 20.1 Allar fjárhæðir er varða váttryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

## 21. Meðferð ágreiningsmála

---

- 21.1 Heimilt er að leggja ágreining við félagið fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, eða leggja ágreining fyrir almenna dómstóla.
- 21.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum má skjóta til dómstóla.

## 22. Frestur til að leita úrræða

---

- 22.1 Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. og 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 23. Varnarþing

---

- 23.1 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

## 24. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

---

- 24.1 Félagið leggur ríka áherslu á öryggi persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins fer með gögn sem aflað er í tengslum við barnatrygginguna sem trúnaðarmál og er bundið af reglum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- 24.2 Váttryggður eða váttryggingartaki á rétt á því að fá afhentar upplýsingar sem hann hefur veitt félaginu varðandi barnatrygginguna. Einnig á váttryggður eða váttryggingartaki rétt á að fá rangar upplýsingar leiðréttar.
- 24.3 Persónuupplýsingar um váttryggðan eða váttryggingartaka eru varðveittar á meðan hann er í viðskiptum, eins lengi og lög mæla fyrir um eða hagsmunir félagsins krefjast þess og málefnaleg ástæða þykir til.

## 25. Löggjöf

---

- 25.1 Um váttrygginguna gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## II. Öroruvernd

### Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Hugtakið slys
3. Hugtakið sjúkdómur
4. Bótasvið
5. Varanleg læknisfræðileg örorka
6. Ákvörðun bóta
7. Greiðsla bóta

### 1. Váttryggður

---

- 1.1 Váttryggður er sá sem nefndur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. Hugtakið slys

---

- 2.1 Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

### 3. Hugtakið sjúkdómur

---

- 3.1 Með hugtakinu sjúkdómur er átt við heilsubrest sem ekki flokkast undir slys sbr. framangreinda skilgreiningu á slysi. Sjúkdómurinn hefur í för með sér að líkamleg eða andleg færni hins váttryggða skerðist sannarlega vegna hans.

### 4. Bótasvið

---

- 4.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss eða sjúkdóms sem leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku váttryggðs sem metin er í fyrsta lagi ári eftir greiningardag sjúkdóms eða slyss.
- 4.2 Ekki greiðast bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku váttryggðs ef hún er metin lægri en 10% og hún getur aldrei talist hærri en 100%.

## 5. Varanleg læknisfræðileg örorka

---

- 5.1 Með varanlegri læknisfræðilegri örorku í váttryggingu þessari, er átt við að sjúkdómur eða slys hafi haft í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu hins váttryggða af völdum váttryggingaratburðarins. Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Sé áverka eða ástands ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig, skal meta hann með hliðsjón af töflunum.

## 6. Ákvörðun bóta

---

- 6.1 Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys og sjúkdómur sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða eða afleiðinga sjúkdóms ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.
- 6.2 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi eða á þeim degi þegar sjúkdómur greinist, þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 325% af grunnváttryggingarfjárhæð.
- 6.3 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlimir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.
- 6.4 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slys eða sjúkdómsgreininguna gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slys eða sjúkdómsgreiningu.
- 6.5 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slys eða sjúkdómsgreiningu, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyss eða sjúkdóms hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en 10 árum frá váttryggingaratburði.
- 6.6 Leiði slys eða sjúkdómur til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og váttryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyss eða sjúkdóms.
- 6.7 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða váttryggðan.
- 6.8 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.
- 6.9 Ekki eru greiddar bætur úr örorkuvernd ef sjúkdómur er staðfestur eftir að váttryggingin féll úr gildi.

## 7. Greiðsla bóta

---

- 7.1 Bætur greiðast váttryggðum þegar endanlegt örorkumat liggur fyrir. Bætur greiðast inn á bankareikning í viðurkenndri fjármálastofnun á Íslandi, sem bundinn er til 18 ára aldurs. Það er á ábyrgð váttryggingartaka að stofna reikning í nafni váttryggðs áður en bætur eru greiddar. Bætur greiðast beint til váttryggðs þegar hann hefur náð 18 ára aldri.
- 7.2 Þegar bætur hafa verið greiddar váttryggðum úr örorkuvernd sem nemur 50% varanlegri læknisfræðilegri örorku eða meira fellur barnváttryggingin úr gildi.

## III. Sjúkdómavernd

### Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
4. Greiðsla bóta

### 1. Váttryggður

---

- 1.1 Váttryggður er sá sem nefndur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittum.

### 2. Bótasvið

---

#### Félagið greiðir bætur vegna:

- 2.1 Krabbameins ( Cancer)

- 2.1.1 Illkynja æxli (malignant tumor) sem einkennist af stjórnlausum vexti, dreifingu illkynja fruma og ífarandi vexti í vefi. Greiningin verður að vera staðfest af krabbameinssérfræðingi og studd með sérstakri vefjagreiningu. Undir þessa skilgreiningu falla einnig hvítblæði (leukaemia), illkynja eitlakrabbamein (malignant lymphoma) og myelodysplastic syndrome, nema annað sé tekið fram.
- 2.1.2 Microscopískt ífarandi brjóstakrabbamein (microinvasive carcinoma of the breast), vefjafræðilega skilgreint sem T1mic, ef ástandið krefst brjóstsnáms, lyfja- eða geislameðferðar.
- 2.1.3 Microscopískt ífarandi leghálskrabbamein vefjafræðilega skilgreint sem IA1 (microinvasive carcinoma of the cervix uteri) ef ástandið krefst legnáms, lyfja- eða geislameðferðar.
- 2.1.4 Eitilfrumuæxli í húð ef ástandið krefst lyfja eða geislameðferðar.
- 2.1.5 Blöðruhálskirtilskrabbamein ef það er vefjafræðilega skilgreint með Gleason stigum hærra en 6 eða hefur þróast yfir í TNM stígun T2N0M0.

**Undanskilið:**

- 2.1.6 Öll æxli sem eru vefjafræðilega skilgreind sem forstígg illkynja æxlis (pre-malignant), vaxa ekki ífarandi eða setbundið (carcinoma in situ), þar með talið setkrabbamein í mjólkurrás og bleðilkrabbamein í brjósti (ductal and lobular carcinoma in situ of the breast) og innanþekjuæxlisvöxtur í leghálsi (cervical dysplasia CIN-1, CIN-2 og CIN- 3).
- 2.1.7 Langvinnt eitilfrumuhvítblæði (Chronic lymphocytic leukaemia - CLL) nema það hafi þróast í a.m.k. Binet stig B.
- 2.1.8 Grunnfrumukrabbamein í húð (Basal cell carcinoma), flöguþekjukrabbamein húðar (squamous cell carcinoma) og illkynja sortuæxli (malignant melanoma) stig IA(T1aN0M0) nema það séu ummerki meinvarpa.
- 2.1.9 Skjaldkirtilskrabbamein minna en 1 cm að þvermáli og vefjafræðilega skilgreint sem T1N0M0.
- 2.1.10 Frumkomið rauðkornablæði (Polycythemia rubra vera) og sjálfvakið blóðflagnablæði (essential thrombocythemia).
- 2.1.11 Monoclonal gammopathy of undetermined significance (MGUS).
- 2.1.12 "MALT" maga eitilfrumuæxli (Gastric MALT Lymphoma) ef sjúkdómur getur verið meðhöndlaður með upprætingu Helicobacter.
- 2.1.13 Strómaæxli í meltingarvegi (GIST) stígun I og II samkvæmt AJCC krabbameinsstígun (AJCC Cancer Staging Manual, Seventh Edition -2010).
- 2.1.14 Krabbamein þegar alnæmisveiran er til staðar (IV).

**2.2 Nýrnabilun (Chronic Kidney Disease)**

- 2.2.1 Krónísk og óafturkræf nýrnabilun beggja nýrna, sem leiðir til að annað hvort reglubundin nýrnaskilun eða kviðskilun er nauðsynleg eða nýrnaígræðsla er gerð. Skilunin þarf að vera læknisfræðileg nauðsyn og staðfest af nýrnasérfræðingi.

**Undanskilið:**

- 2.2.2 Bráð afturkræf nýrnabilun sem krefst nýrnaskilunar til skemmri tíma.

**2.3 Líffæraflutningur ( Transplantation)**

- 2.3.1 Líffæraflutningur þar sem váttryggður hefur þegið, lungu, lifur, bris, eða smágirni.
- 2.3.2 Líffæraflutningur þar sem váttryggður hefur þegið hluta eða allt andlit, handar, handlegg og fótar (composite tissue allograft transplantation)
- 2.3.3 Ástand sem leiðir til ágræðslu eða ígræðslu verður að vera dæmt fullkomlega ólæknanlegt og staðfest sem slíkt af sérfræðilækni.

**2.4 Heila- og mænusiggs (MS)**

- 2.4.1 Ótvíræð greining heila- og mænusiggs (MS) staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum studd af öllum eftirfarandi viðmiðum:

- 2.4.1.1 Viðvarandi klínískri skerðingu á hreyfi- eða skynfærum, sem verður að hafa verið til staðar samfelld í a.m.k. 6 mánuði.

- 2.4.1.2 Segulóm skoðun sem sýnir a.m.k. tvær afmýlingar (demyelinerandi) skellur í heila eða mænu sem eru lýsandi fyrir MS.

**Undanskilið:**

- 2.4.2 Óstaðfest heila- og mænusigg (MS) og taugafræðilega eða myndgreiningarlega einangruð einkenni sem benda til heila- og mænusiggs en eru ekki greinandi fyrir sjúkdóminn.

- 2.4.3 Einangruð sjóntaugabólga (optic neuritis) og sjóntauga og mænuþólga (neuromyelitis optica).

**2.5 Alvarlegs bruna**

- 2.5.1 Þriðja stígs húðbruni sem er fullþykktar bruni og nær niður í undirliggjandi vefi. Þriðja stígs bruninn þarf að þekja að minnsta kosti 10% af yfirborði líkamans skv. skilgreiningu "Lund and Browder Chart" og gerðist án vilja váttryggs. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

## 2.6 Barnaliðagigtar (Juvenile Rheumatoid)

2.6.1 Barnaliðagigt sem greinist fyrir 16 ára aldur og er að lágmarki í tveim liðamótum, þar af tveimur stórum þ.e. hnakka, hné, mjöðm, olnboga, úlnlið, ökkla eða öxl. Einkennin þurfa að hafa verið til staðar í meira en 6 vikur og vera greind hjá sérfræðingi í gigtlækningum.

### Undanskilið:

2.6.2 Einkennin sem stafa frá liðabólgu tengdri sýkingu, smitandi liðsjúkdómi, bæklunarsjúkdómi, áverkum, óeðlilegri nýmyndun vefja, ónæmishöfnun og æðabólgu.

## 2.7 Insúlínháðar sykursýki (diabetes mellitus, tegund 1).

2.7.1 Sykursýki greind af sérfræðingi í barnalækningum eða lyflækningum. Fastandi blóðsykur verður í endurteknum sýnum að hafa verið hærrí en 8 mmol/l og váttryggður verður að hafa fengið meðhöndlun með insúlíni í meira en þrjá mánuði.

## 2.8 Eyðniveirusmit (HIV)/ Alnæmis (AIDS)

2.8.1 Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða staðfest greining á alnæmi (AIDS), sem rekja má til blóð- eða blóðhlutagjafar og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

2.8.1.1 Smitið varð í kjölfar blóð- eða blóðhlutagjafar sem var læknisfræðileg nauðsyn og framkvæmd eftir að váttryggingin tók gildi.

2.8.1.2 Stofnunin eða blóðbankinn sem lagði til og gaf blóð eða blóðhlutana er opinberlega viðurkennd sem slík af heilbrigðisfyrivöldum.

2.8.1.3 Heilbrigðisstofnunin þar sem blóð- eða blóðhlutagjöfin var gerð viðurkennir ábyrgð sína.

2.8.1.4 HIV veiran verður að vera greinanleg í blóði 12 mánuðum frá blóð- eða blóðhlutagjöfinni.

2.8.1.5 Eyðniveirusmits (HIV) / Alnæmis (AIDS) vegna stunguóhapps sem váttryggður verður fyrir að völdum nálar sem skilin hefur verið eftir á leikvöllum, almenningsgórðum eða öðrum almennum svæðum.

2.8.1.6 Öll atvik, sem hugsanlega geta leitt til bótakröfu samkvæmt gr. 2.8.1.5 skulu tilkynnt félaginu við fyrsta tækifæri ásamt tilkynningu til viðeigandi yfirvalda.

2.8.1.7 HIV veiran verður að vera greinanleg í blóði 12 mánuðum frá blóð- eða blóðhlutagjöfinni.

## 2.9 Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)

2.9.1 Afdráttarlaus greining bakteríusýkingar í himnum sem umlykja heila eða mænu og leiðir til varanlegs taugaskaða sem staðfestur er í a.m.k. 3 mánuði í kjölfar greiningar. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugalækningum og studd með vexti sjúkdómsvaldandi baktería í ræktunum frá heila- og mænuvökva.

## 3. Ákvörðun bóta

---

### Félagið greiðir ekki bætur vegna:

3.1 Meðfæddra sjúkdóma eða afleiðinga sjúkdóms ef telja má líklegt samkvæmt læknisfræðilegum rannsóknum að hann hafi verið til staðar við fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði ævinnar.

3.1.1 Takmarkanir skv. 1. mgr. gilda ekki komi sjúkdómseinkenni fyrst fram þegar váttryggður hefur náð sex ára aldri.

3.2 Krabbameins, heila- og mænusiggs eða heilahimnubólgu, sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar.

3.3 Sjúkdóms, nema greining hafi verið samþykkt af íslenskum sérfræðingi í viðkomandi sérgrein.

3.4 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars váttryggingaratburðar ef váttryggður lifir ekki að minnsta kosti í þrjátíu daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar váttryggingaratburður átti sér stað.

## 4. Greiðsla bóta

---

4.1 Bætur greiðast til váttryggingartaka til 18 ára aldurs váttryggðs. Bætur greiðast til váttryggðs eftir 18 ára aldur.

4.2 Ef bætur greiðast úr gr. 2.1 – 2.9 í sjúkdómavernd fellur sjúkdómavernd barnatryggingar niður.

## IV. Líftrygging

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Bótasvið
3. Greiðsla bóta

### 1. Vátryggður

---

- 1.1 Vátryggður er sá sem nefndur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. Bótasvið

---

- 2.1 Félagið greiðir vátryggingartaka bætur ef vátryggður deyr á gildistíma vátryggingarinnar.

### 3. Greiðsla bóta

---

- 3.1 Bætur greiðast til vátryggingartaka.
- 3.2 Við greiðslu bóta samkvæmt þessari grein fellur barnatryggingin úr gildi.

## V. Umönnun vegna sjúkráhusdvalar

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
4. Greiðsla bóta

### 1. Vátryggður

---

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.

### 2. Bótasvið

---

- 2.1 Ef sjúkdómur eða slyss hefur í för með sér að vátryggður þarf að dveljast á sjúkrahúsi í 5 daga samfleytt eða lengur greiðir félagið vátryggingartaka bætur fyrir hvern dag frá innlagnardegi.

### 3. Ákvörðun bóta

---

- 3.1 Bótatími er að hámarki 365 dagar vegna sama sjúkdóms eða slyss. Sjúkdómar og önnur sjúkdómseinkenni, með læknisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstilfellið.
- 3.2 Ef bætur hafa verið greiddar samkvæmt 1. mgr. og vátryggður leggst aftur inn á sjúkrahús innan tólf mánaða frá lokum fyrri sjúkráhusdvalar, vegna sama sjúkdóms eða slyss, á vátryggingartaki rétt til bóta frá innlagnardegi ef bótadagarnir 365 eru ekki fullnýttir.

### 4. Greiðsla bóta

---

- 4.1 Bætur greiðast til vátryggingartaka.

## VI. Umönnun í kjölfar sjúkráhusdvalar

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
4. Greiðsla bóta

### 1. Vátryggður

---

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.

### 2. Bótasvið

---

- 2.1 Ef sjúkdómur eða slys hefur í för með sér að vátryggður þarf á umönnun að halda í kjölfar sjúkráhusdvalar greiðast bætur.
- 2.2 Vátryggingin gildir einnig ef vátryggður lendir í alvarlegu beinbroti en þarf þó ekki að liggja inni á sjúkrahúsi.
- 2.3 Staðfesting læknis eða sjúkráhúss þarf að liggja fyrir um að umönnunar sé þörf í minnst 10 samfellda daga.

### 3. Ákvörðun bóta

---

- 3.1 Bótatími er að hámarki 30 dagar vegna sama sjúkdóms eða slyss. Sjúkdómar og önnur sjúkdómseinkenni með læknisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstilfellið.

### 4. Greiðsla bóta

---

- 4.1 Bætur greiðast til vátryggingartaka.

## VII. Áfallahjálp

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
4. Greiðsla bóta

### 1. Vátryggður

---

- 1.1 Vátryggður er sá sem nefndur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og vátryggingartaki.
- 1.2 Meðvátryggðir eru maki vátryggingartaka og börn sem hafa sameiginlegt heimilishald.

### 2. Bótasvið

---

- 2.1 Félagið greiðir bætur ef að bótaskyldur atburður er greiddur úr öðrum bótapáttum barnatryggingarinnar.

### 3. Ákvörðun bóta

---

- 3.1 Félagið greiðir kostnað við allt að 4 klukkustunda samtalsmeðferð á starfsstöð meðferðaraðila á Íslandi. Meðferðin skal hefjast innan 6 vikna frá tjónsatburði og vera lokið innan 6 mánaða.
- 3.2 Félagið greiðir aðeins viðtalskostnað en annar kostnaður svo sem ferðakostnaður er ekki greiddur. Samþykki félagsins er nauðsynlegt áður en aðstoðar er leitað.

## 4. Greiðsla bóta

---

4.1 Bætur greiðast til váttryggingartaka.

## VIII. Ferðakostnaður vegna aðgerðar erlendis

Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
4. Greiðsla bóta

### 1. Váttryggður

---

1.1 Váttryggingartaki er váttryggður.

### 2. Bótasvið

---

2.1 Félagið greiðir bætur í formi eingreiðslu vegna aðgerðar sem nauðsynlegt er að framkvæma erlendis.

### 3. Ákvörðun bóta

---

3.1 Forsenda greiðslu bóta er að fyrir liggi staðfesting læknis á Íslandi, sem hefur haft váttryggðan til meðhöndlunar, sem sýnir fram á að nauðsynlegt hafi verið að framkvæma aðgerðina erlendis.

### 4. Greiðsla bóta

---

4.1 Bætur greiðast til váttryggingartaka.

4.2 Ef bætur greiðast úr þessum kafla barnatryggingarinnar fellur vernd skv. kaflanum niður.

## IX. Breytinga- og hjálpartækjakostnaður vegna slyss eða sjúkdóms

Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
4. Greiðsla bóta

### 1. Váttryggður

---

1.1 Váttryggingartaki er váttryggður.

### 2. Bótasvið

---

2.1 Greiddur er kostnaður vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði váttryggingartaka og/eða vegna nauðsynlegra hjálpartækja í kjölfar bótaskylds slyss eða sjúkdóms sem greitt er úr váttryggingu þessari.

### 3. Ákvörðun bóta

---

3.1 Við greiðslu bóta skal skila inn frumritum kvittana. Á kvittun þarf að koma fram hvaða framkvæmdir voru gerðar á húsnæði og hvers konar hjálpartæki voru keypt.

#### 4. Greiðsla bóta

---

- 4.1 Bætur greiðast til váttryggingartaka.
- 4.2 Ef bætur greiðast úr þessum kafla barnatryggingarinnar fellur vernd skv. kaflanum niður.

#### X. Iðgjaldafrelsi

- 1.1 Ef váttryggingartaki barnatryggingar, yngri en 65 ára, fellur frá á gildistíma váttryggingarinnar, greiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar þar til váttryggður nær 18 ára aldri.
- 1.2 Beiðni um iðgjaldafrelsi þarf að vera skrifleg. Félagið tilkynnir þeim sem fer með forsjá váttryggðs skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

---

Váttryggjandi er Líftryggingafélag Ísland hf. og VÍS tryggingar hf.